

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Fjarðabyggð áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, móttökustöð og Pernunesi.

2. gr.

Sorpförgunargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2013 er gjaldið kr. 10.000 á hverja sorptunnu, þ.e. fyrir almenna tunnu.

Sorprehinsunargjald þ.e. gjald vegna meðhöndlunar úrgangs annarrar en förgunar greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2013 er gjaldið kr. 21.000 á hverja sorptunnu, þ.e. fyrir almenna tunnu.

3. gr.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á söfnunarstöðvum.

Hámarksfarmstærð er 2 m³ fyrir alla viðskiptavini söfnunarstöðva Fjarðabyggðar.

Á söfnunarstöðvum greiðir atvinnurekstur fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum málmum og þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslugjald, nú sléttur pappi, hjólbarðar, bylgjupappi og plastumbúðir.

Gjaldskyldir farmar undir 0,25 m³ bera lágmarksgjald.

Almenningi og húsfélögum er heimilt að koma með 0,25 m³ pr. mánuð af úrgang sem telst sem heimilisúrgangur. Heimilisúrgangur er úrgangur sem færi að öllu jöfnu í almennu tunnuna.

Almenningur og húsfélög greiða fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á m.a. við um:

úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða

ónýt húsgögn, dýnur o.fl.

úrgang frá bifreiðaviðgerðum

úrgang vegna húsdýrahalds

Móttökugjöld fyrir einstaka farma allt að:

0,25 (1/4) m ³	0,50 (1/2) m ³	0,75 (3/4) m ³	1 m ³
904 kr.	1.805 kr.	2.712 kr.	3.616 kr.

4. gr.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð á Reyðarfirði.

Kr./kg án VSK	Kr./kg með 25,5% VSK
------------------	-------------------------

Óflokkað

Blandaður úrgangur 19,3 24,2

Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil
eða til sérstakrar meðhöndlunar

Grófur úrgangur 23,5 29,5

Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega
Dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, veiðarfæri, húsgögn, jarðvegur,
steinefni og gler

Flokkað

Til endurvinnslu eða frekari meðhöndlunar

Timbur

Hvítmálað, plasthúðað og blandað 16,5 20,7

Nr. 1096

26. nóvember 2012

Flokkað timbur sem má nýta í landmótun	9,8	12,3
<i>Málmar</i>	0	0
<i>Dagblöð / tímarit</i>	0	0

Úrgangur sem ber úvinnslugjald

<i>Umbúðir ír sléttum pappa</i>	0	0
<i>Filmuplast</i> litað og/eða áprentað, án aðskotahluta	0	0
<i>Plastumbúðir</i> tunnur, fötur og brúsar, tómt og án aðskotaefna	0	0
<i>Heyrúlluplast</i> flokkað, án aðskotahluta	0	0
<i>Hjólbarðar</i>	0	0
<i>Filmuplast</i> glært, óáprentað án aðskotahluta.	0	0
<i>Bylgjupappi</i> án aðskotahluta	0	0
<i>Spilliefni;</i> heimilt er að innheimta fyrir útlögðum kostnaði v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald	Skv. gjaldskrá þjónustu-aðila spilliefna	
<i>Tímavinna;</i> verktaka er heimilt að innheimta tímavinnu ef farmur er illa flokkaður	Skv. gjaldskrá verktaka	

5. gr.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs í Pernunesi.

Kr./kg án vsk	Kr./kg með 25,5% vsk
------------------	-------------------------

Óflokkað

Blandaður úrgangur	11,9	14,9
Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil eða til sérstakrar meðhöndlunar		
* Grófur úrgangur	14,4	18,1
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega		
Dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, veiðarfæri, húsgögn, jarðvegur, steinefni og gler		

Flokkað*Timbur*

<i>Hvítmálað, plasthúðað og blandað</i>	11,3	14,2
<i>Flokkað timbur sem má nýta í landmótun</i>	7,6	9,5
Ath. móttaka í móttökustöð á Reyðarfirði		
* Seyra	11,9	14,9
* Fita	11,9	14,9
* Olíumengaður úrgangur	14,4	18,1
* Sóttmengaður úrgangur	14,4	18,1

* Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímajald skv. gjaldskrá verktaka
Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint út í Pernunes. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, Íslenska gámafelagið.

6. gr.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalfa og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3., 4. og 5. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Nr. 1096

26. nóvember 2012

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 360/2010 og sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 1271/2011.

Fjarðabyggð, 26. nóvember 2012.

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2012